

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Flúða.

**1. Almennt.**

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða.

Skattur á smásöluverð á heitu vatni samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta og virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

**2. Varmaorka.**

2.1 Fast gjald er háð afköstum rennslismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>kr./dag</i>
Mælastærð DN 15	52,18
Mælastærð DN 20	64,15
Mælastærð DN 25	83,85
Mælastærð DN 32	105,83
Mælastærð DN 40	126,27
Mælastærð DN 50	210,73

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

**2.2 Rúmmetragjald.**

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á hita vatnsins.

H 1. Almenn heita vatns notkun.

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>kr./m<sup>3</sup></i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	93,35

H 2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	74,97
----------------------------------	-------

H 3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

Garðyrkja	33,87
-----------	-------

**H4. Heimæðagjöld.**

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar:

<i>Heimæðagjöld – almenn</i>	<i>kr.</i>
Málstærð DN 20 mm	225.605
Málstærð DN 25 mm	277.844
Málstærð DN 32 mm	417.243
Málstærð DN 40 mm	833.007
Málstærð DN 50 mm	1.383.271

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 25 m er 1% af heimæðagjaldi

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

Nr. 1443

14. desember 2020

<i>Heimæðagjöld – sumarhús</i>	<i>kr.</i>
20 mm	545.750
25 mm	976.524

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 25 m skal reikna sérstaklega

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

Þar sem heimæðagjöld og stofngjöld reiknast sérstaklega greiðast þau þannig að við upphaf verksins greiðist 65% af kostnaðaráætlun og 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

3. *Önnur gjöld og ákvæði.*

Gjald fyrir aukaálestur hjá notanda	2.499 kr.
Lokunargjald	4.858 kr.

Við stækkun atvinnuhúsnæðis skal semja sérstaklega um gjald vegna stækunar á heimtaugum og aukningu á vatnsnotkun.

Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunar á þökkunar- og geymsluhúsnæði skulu greiða fast gjald sem hér segir:

Fyrir hvern m <sup>3</sup> húsnæðis á mánuði	34,89 kr.
--	-----------

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er í veitustjórn þann 3. nóvember 2020 og síðan af sveitarstjórn Hrunamannahrepps 5. nóvember 2020 er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 1172/2019.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. desember 2020.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Hreinn Hrafinkelsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2020